

Dalvík

3/6/2014



Dalvíkurskóli 2014

Skýrsla um sjálfsmat Dalvíkurskóla

Efnisyfirlit

<u>1</u>	<u>Inngangur</u>	<u>2</u>
<u>2</u>	<u>Starfsemi og áherslur skólans.....</u>	<u>2</u>
<u>2.1</u>	<u>Nemendur.....</u>	<u>2</u>
<u>2.2</u>	<u>Starfsfólk Dalvíkurskóla</u>	<u>2</u>
<u>2.3</u>	<u>Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2013 – 2014</u>	<u>2</u>
<u>3</u>	<u>Innra mat skólans skólaárið 2013 – 2014.....</u>	<u>4</u>
<u>3.1</u>	<u>Sjálfsmatsáætlun 2013 – 2014</u>	<u>4</u>
<u>4</u>	<u>Nám, kennsla og mat.....</u>	<u>4</u>
<u>4.1</u>	<u>Greiningargögn.....</u>	<u>4</u>
<u>4.2</u>	<u>Ígrundun og greining á niðurstöðum.....</u>	<u>4</u>
<u>4.3</u>	<u>Leiðir til úrbóta.....</u>	<u>5</u>
<u>5</u>	<u>Stjórnun.....</u>	<u>6</u>
<u>5.1</u>	<u>Greiningargögn.....</u>	<u>6</u>
<u>5.2</u>	<u>Ígrundun og greining á niðurstöðum.....</u>	<u>6</u>
<u>5.3</u>	<u>Leiðir til úrbóta.....</u>	<u>7</u>
<u>6</u>	<u>Starfsfólk og aðbúnaður</u>	<u>7</u>
<u>6.1</u>	<u>Greiningargögn.....</u>	<u>7</u>
<u>6.2</u>	<u>Ígrundun og greining</u>	<u>8</u>
<u>6.3</u>	<u>Leiðir til úrbóta.....</u>	<u>8</u>
<u>7</u>	<u>Foreldrasamstarf</u>	<u>9</u>
<u>7.1</u>	<u>Greiningargögn.....</u>	<u>9</u>
<u>7.2</u>	<u>Ígrundun og greining á niðurstöðum.....</u>	<u>9</u>
<u>7.3</u>	<u>Leiðir til úrbóta.....</u>	<u>9</u>
<u>8</u>	<u>Áætlun um mat á skólastarfi 2013 – 2016</u>	<u>10</u>
<u>8.1</u>	<u>Sjálfsmatsáætlun</u>	<u>10</u>
<u>9</u>	<u>Samantekt og mat á niðurstöðum.....</u>	<u>10</u>
<u>10</u>	<u>Lokaorð.....</u>	<u>11</u>

1 Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskýldu um skólalöng segir: Hver grunnskóli skal með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólalöng. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólalöng taka þátt í því eftir því sem við á. Sjálfsmatsáætlun skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um innra mat skólans. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólalöngsins.

Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Í skólanámskrá Dalvíkurskóla má finna upplýsingar um skólalöngið og nánari útfærslu á kennslutilhögun í bekkjarnámskrám.

Yfirumsjón með innra mati á skólalöngi skólalöngið 2013 – 2014 hefur verið í höndum skólalöngjóra og deildarstjóra. Friðrik Arnarson, deildarstjóri eldra stigs, hefur séð um Skólalöngsinn og haldið utan um þau greiningargög. Foreldra – og starfsmannakannanir hafa verið gerðar í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Einnisteymi Dalvíkurskóla hefur séð um fyrirlöng á Olweusarkönnun sem er löngð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Á skólalönginu voru innleiddar tvær nýjungar í skólalönginu sem nýta má við innra mat. Annars vegar var haldinn matsfundur í febrúar þar sem allt starfsfólk skólans kom saman og fjallaði um jákvæðar og neikvæðar hliðar vinnustaðarins. Fundurinn fór þannig fram að allur starfsmannahópurinn sat saman á sal skólans og hafði hver og einn undirbúið sig fyrir fundinn með því að skrá hjá sér 1-2 atriði sem starfsmaður var ánægður með á vinnustaðnum, en einnig 1-2 atriði sem betur mættu fara. Skólalöngjóri stýrði fundi og fékk hver og einn starfsmaður þrjár mínútur til að tjá sig, en fundarritari skráði allt sem sagt var. Skólalöngjóri sá um úrvinnslu fundargagna og voru helstu niðurstöður þær að starfsandi færi batnandi en umgengni starfsfólks um skólalöng hefði hrakað. Hins vegar var á árinu sett á laggirnar námsnefnd, sem í sitja þrjár fulltrúar kennara og átta fulltrúar nemenda af unglingsstigi. Námsnefnd gerði ýmsar tillöngur til breytinga og bóta á skólalönginu sem sumar munu koma til framkvæmda strax á næsta skólalöngi. Einnig var löngð fyrir nemendakönnun meðal nemenda í 7.-10. bekk og kom námsnefnd að gerð könnunarinnar. Svörun í þeirri könnun var rétt um 60%, mest í 10. bekk.

2 Starfsemi og áherslur skólans

2.1 Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalöngum, aðalnámskrá grunnskóla og skólalöngstefnu Dalvíkurbyggðar sem nú er verið að endurskoða. Skólinn vinnur einnig í anda skólalöngsins Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: Þekking og færni - virðing og vellíðan.

2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 51 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Björn Gunnlaugsson og deildarstjórar eru Friðrik Arnarson eldra stigs og Katrín Fjöla Guðmundsdóttir yngra stigs. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Tveir verkefnastjórar eru í sér- og stuðningskenndu við skólann og eru það Gunnhildur Birnisdóttir hjá yngra stigi og Dóróþea Reimarsdóttir hjá eldra stigi. Kennarar við skólann eru 28 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 23 í mismiklu starfshlutfalli.

2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2013 – 2014

Á skólaárinu voru innleiddar ýmsar nýjungar í skólastarfinu með tilkomu nýs skólastjóra. Má þar nefna svokallaða hringekju, þar sem öllum nemendum á unglingsstigi var kennt í aldursblönduðum hópum einn dag í viku allt skólaárið. Markmiðið með hringekjunni var að efla samvinnufærni og félagsfærni nemenda, sem og að gefa kennurum tækifæri til að prófa sig áfram með samvinnunámsaðferðir, en þær henta einmitt vel í blönduðum hópum. Einnig má nefna aukna áherslu á notkun upplýsingatækni í skólastarfinu, en í upphafi skólaárs var skjávörpum komið fyrir í öllum heimastofum bekkja. Einnig fjárfesti skólinn í spjaldtölvum og var sett af stað tilraunaverkefni með svokallaða 1:1 aðferð í 7. bekk, en aðferðin er fólgin í því að hver og einn nemandi fái snjalltæki – í þessu tilviki iPad Mini spjaldtölvu – til afnota í námi sínu og er markmiðið að sem stærstur hluti náms nemendanna fari fram í gegnum tækið. Tilraunaverkefninu verður haldið áfram á næsta skólaári og ávinningur metinn um leið og ákveðið verður um næstu skref í spjaldtölvuvæðingu skólans. Að síðustu má nefna eflingu nemendalýðræðis með stofnun námsnefndar, sem er skipuð fulltrúum nemenda og kennara á unglingsstigi og fundar reglulega um málefni sem varða nám og kennslu.

Eitt meginverkefni skólans er að rækta umhyggju og virðingu í samskiptum nemenda og starfsfólks í anda Uppbyggingarstefnunnar. Innleiðingarferli er nú langt komið og er starfsfólk komið vel á veg að tileinka sér vinnubrögð samkvæmt henni. Innleiðing á nýrri aðalnámskrá er hafin og læsisstefna fyrir Dalvíkurskóla var samþykkt á síðasta ári.



Eftirtaldir nefndir og vinnuhópar hafa starfað í vetur:
Innleiðing grunnþátta aðalnámskrár – Fundar reglulega utan reglulegra fundartíma. Nefndin vinnur að stefnumörkun um innleiðingu grunnþátta. Samkvæmt innleiðingaráætlun ([sjá fylgiskjal](#)) var unnið

með grunnþættina *sköpun og jafnrétti* í vetur, jafnframt var unnið að innleiðingu nýs námsmats í anda aðalnámskrár. Námsmatið var unnið í vefkerfinu Námfús.

Eineltisteymi/Olweus – Fundar reglulega og vinnur með þau eineltismál sem upp koma ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

Fjölmennning/Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti – Vinnur að stefnumörkum og leiðum til að koma þessum málum í réttan farveg í tengslum við nýja Aðalnámskrá. Velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir. Fer yfir móttökuáætlun skólans og gerir úrbætur.

Sjálfsmatsnefnd – Gerir áætlun um hvernig best verði staðið að sjálfsmati skólans og símenntun starfsmanna ásamt að velja forgangsverkefni með eftirfylgni. Leiðarljós: Hvernig gerum við góðan skóla betri?

Töfraheimur stærðfræðinnar. – Vinnur að gerð verkefnabanka í stærðfræði og heldur utan um gögn sem verða til.

Umhverfisnefnd – áframhaldandi vinna að Grænfánaverkefninu og stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaráætlunar og vinna að forgangsverkefnum. Skólinn flaggaði Grænfánanum í annað sinn 28. maí.

Stýrihópur um Læsi til náms – Fylgir eftir læsisstefnu skólans og kynnir hana í skólasamfélaginu og stýrir innleiðingu á kennsluaðferðinni *Læsi til náms*. Nefndin kemur einnig á framfæri leiðum til að efla læsi nemenda í víðum skilningi.

Upplýsinga – og tæknimennt. - Mótar stefnu og velur forgangsverkefni með eftirfylgni. Á þessu skólaári hafa verið stigin nokkur skref í átt að aukinni áherslu á upplýsingatækni í starfi Dalvíkurskóla. Má þar nefna tilraunaverkefni með spjaldtölvur í 7. bekk, sem og uppsetningu skjávarpa í öllum heimastofum.

Ofangreindir vinnuhópar funduðu mánaðarlega á skólaárinu og voru tvisvar haldnar sameiginlegar kynningar fyrir starfsmannahópinn á afrakstri vinnunnar eða þróun mála, eftir því sem við átti.

3 Innra mat skólans skólaárið 2013 – 2014

3.1 Sjálfsmatsáætlun 2013 – 2014

Sjá fylgiskjal 1.

4 Nám, kennsla og mat

4.1 Greiningargögn

- Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk sem eru lögð fyrir ár hvert
- Bekkjarnámskrár/Kennsluáætlanir
- Skólapúlsinn
- Skimun í 1. bekk
- Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í yngri bekkjum Dalvíkurskóla.
- Foreldraviðtöl
- Almennt námsmat í skólanum
- Skólalæping

4.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Námsárangur

Almennt voru niðurstöður samræmdra prófa góðar og mun betri en á síðustu árum. 4. og 7. bekkur voru yfir meðaltali NA-kjördæmis í íslensku og stærðfræði og landsmeðaltali nema í stærðfræði í 4. bekk. 10. bekkur var lítillega yfir landsmeðaltali í íslensku en nokkuð undir því í ensku. Í stærðfræði var 10. bekkur einnig undir landsmeðaltali. Síðustu ár hefur markmið skólans verið að vera á eða fyrir ofan landsmeðaltal. Þetta árið stóðumst við það að nokkru leyti, sérstaklega í íslensku.

Samkvæmt þeim skimunum og lestrarprófum sem tekin hafa verið í yngstu bekkjum kemur mjög vel fram að nemendur hafa tekið miklum framförum í lestri og stærðfræði milli ára. Einnig eru yngstu bekkir almennt að mælast sterkari á þessum sviðum en var fyrir fáeinum árum og hefur greinilega komið fram að nemendur sem koma í 1. bekk eru vel undirbúnir frá leikskólanum.

Eftir foreldraviðtöl skiluðu kennarar eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum og var almenn ánægja með skólastarfið og fáar athugasemdir komu varðandi skipulag á kennslu. Mæting foreldra í viðtölin var góð, en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur.

Tölfræði frá foreldraviðtalsdegi 18. febrúar

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals	70 = 30%	34 =15%	128 =55 %

Námsmat

Unnið er eftir námsmatsáætlun Dalvíkurskóla og sífellt er unnið að því að auka fjölbreytni í mati á námsárangri. Með tilkomu nýrrar aðalnámskrár er ljóst að námsmat mun breytast á næstu árum og var tekið skref í þá átt á skólaárinu, þegar mat á lykilhæfni var tekið upp í öllum árgöngum. Notast var við vefkerfið Námfús í þeirri vinnu og verður námsmatið þróað frekar á næsta skólaári. Ekki reyndist unnt að meta alla þætti lykilhæfni þar sem forsendur reyndust ekki fyrir þeim öllum í skólastarfinu. Þar má helst nefna ábyrgð og mat á eigin námi en ekki hefur verið lögð mikil áhersla á að nemendur setji sér reglulega námsmarkmið í Dalvíkurskóla.

Líðan nemenda

Undanfarin tvö ár hefur þurft að vinna talsvert með samskipti í yngstu bekkjum skólans og má segja að aga- og hegðunarmál hafi verið helsta verkefni skólans hvað þessa bekki varðar, en námsárangur hefur yfirleitt verið góður. Erfitt er að greina hvað veldur en svo virðist sem skilin milli leik- og grunnskóla reynist mörgum nemendum erfið.

Samkvæmt Skólapulsinum, sem lagður er fyrir nemendur í 6.-10. bekk má segja að viðhorf og líðan nemenda sé jákvæð, nemendum líður vel og þeim finnst ríkja góður andi og agi í skólanum. Viðhorf stúlkna til náms er jákvæðara en drengja og greinilegur munur er á milli árganga. Þegar líðan er skoðuð er minni munur á milli árganga en kynjamunur marktækur stúlkum í óhag. Einelti er meira hjá stúlkum en drengjum.

Virgni nemenda í skólanum hefur samkvæmt mælingu aukist og undirþættir mælast við landsmeðaltal. Viðhorf til stærðfræði hefur dalað og viðhorf til náttúrufræði einnig og mælist það síðarnefnda umtalsvert undir landsmeðaltali. Í báðum þáttum er áberandi munur á milli bekkja og kynja, strákar eru neikvæðari gagnvart þessum námsgreinum og viðhorf verða neikvæðari eftir því sem nemendur eldast og námsefni þyngist. Hins vegar vekur athygli að trú nemenda á eigin námsgetu og vinnubrögðum er á uppleið.

Kennsluhættir

Innanhússþing var að venju haldið í desember og annað er áætlað á starfsdögum í júní, þar segja kennarar frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Greinilega kom fram að í skólanum eru viðhöfð fagleg og fjölbreytt vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námárangri nemenda.

4.3 Leiðir til úrbóta

Námsárangur

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem skólinn hefur sett sér og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda.

Huga þarf að niðurstöðum 10. bekkjar á samræmdu prófi í ensku og hvernig hægt er að ná betri árangri í námsgreininni. Í vetur var sett af stað lestrarátak í unglingadeild. Keyptar voru

fjölmargar léttlestrarbækur sem munu nýtast skólanum á næstu árum. Einnig hefur undanfarið verið lögð aukin áhersla á enskukennslu í yngri bekkjum og má vænta þess að það skili árangri með tímanum.

Einnig þarf skólinn að auka metnað og bæta viðhorf gagnvart samræmdum prófum hjá nemendum og foreldrum. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Vorið 2013 voru haldnir fundir með foreldrahópum þar sem farið var yfir hvað heimilin og skólinn geti gert sameiginlega til að auka námsárangur og metnað í námi nemenda. Þessir fundir þóttu hafa góð áhrif og væri gott að endurtaka þá með þeim árgöngum sem þreyta samræmd próf haustið 2014.

Snemmtæk íhlutun í lestri og talnaskilningi virðist vera að skila árangri í yngstu bekkjum. Ánægjulegt er að skólinn hefur hlotið styrk frá Sprotasjóði til að þróa þessa vinnu frekar og má binda vonir við að með árunum skili verkefnið bættum námsárangri nemendahópsins í heild.

Námsmat

Mat á lykilhæfni, sem fór fram í fyrsta sinn á skólaárinu, þarf að þróa frekar og vinna áætlun um breyttar áherslur í skólastarfinu með hliðsjón af lykilhæfni. Lagt hefur verið til að skólastjóri rifji upp á kennarafundi í upphafi næsta skólaárs þau matsviðmið sem kennarar unnu á liðnu skólaári. Áætlað er að lykilhæfni verði næst metin í lok vorannar 2015 og munu umsjónarkennarateymin þurfa að hafa lykilhæfni í huga þegar verkefni skólaársins eru skipulögð, með það í huga að hægt verði að meta fleiri þætti en tókst í fyrstu tilraun. Eftir því sem innleiðing nýrrar aðalnámskrár grunnskóla heldur áfram munu forsendur til mats samkvæmt námskránni vonandi færast til betri vegar.

Líðan nemenda

Halda þarf áfram með snemmtæka íhlutun í námi og félagsfærni í yngstu bekkjum skólans. Unnið var sérstaklega með félagsfærni nemenda í 2. bekk og samskiptafærni þeirra eflað markvisst og náðist góður árangur. Nemendur fengu m.a. ART þjálfun í 12 vikur. Lagt var til við leikskólann að leggja enn meiri áherslu á að efla samskiptahæfni nemenda með það markmið að draga úr hegðunar- og agavandræðum á næstu árum. Leikskólinn Kátakot hefur hafið markvissa vinnu í samskipta og félagsfærni nemenda sinna og tók nú í vetur upp ART-þjálfun sem stuðlar að betri samskiptahæfni og er talin draga úr óæskilegri hegðun.

Niðurstöður Skólapúlsins eftir veturinn eru jákvæðar. Niðursveiflan sem varð á síðasta vetri virðist hafa gengið til baka. Sterkir þættir skólans eru skóla- og bekkjarandi, en í þeim þætti mælist skólinn um eða fyrir ofan landsmeðaltal í öllum matsþáttum. Sömu sögu er að segja af líðan og heilsu, þar kemur þátturinn einelti vel út og mælist skólinn talsvert undir landsmeðaltali. Þó má ekki sofa á verðinum gagnvart einelti og þar sem það virðist hafa aukist lítilllega frá síðustu mælingu er ástæða til að huga að því sem nefnt er í svörum nemenda, s.s. innifrímínútum. Eineltisfræðsla hefur verið sett á dagskrá í byrjun næsta skólaárs og er brýnt að starfsmenn á gæslu séu meðvitaðir um rétt viðbrögð ef vart verður við einelti. Stjórnendur munu fylgjast með hvernig þessi matsþáttur kemur út í næstu

mælingu og meta hvort tilefni sé til frekari aðgerða, ekki síst hjá tveimur árgöngum þar sem einelti mælist meira. Fylgjast þarf vel með matsþættinum líðan og heilsu þar sem í ljós kemur nokkur niðursveifla í janúarmælingu sem og munur í svörum milli kynja og bekkja.

Undanfarin ár hefur verið unnið með samskipti og félagsfærni stúlkna í eldri bekkjum skólans og hélt sú vinna áfram á skólaárinu sem nú er að líða, meðal annars með aðkomu skólahjúkrunarfræðings og náms- og starfsráðgjafa. Brýnt er að þessu verði haldið áfram.

Nokkrar áhyggjur má hafa af því hversu neikvætt viðhorf til náttúrufræði kemur fram í Skólalámskránni. Erfitt er að segja til um nákvæmlega hvað veldur, en nú hefur verið ráðinn nýr náttúrufræðikennari við unglingastig og verður fróðlegt að sjá hvort viðhorfin breytist. Þá má einnig nefna að áhersla á fjölbreytta og lifandi náttúrufræðikennslu í yngri bekkjum hefur verið að aukast og má vonast eftir að með árunum skili það sér í jákvæðara viðhorfi þeirra árganga.

Kennsluhættir

Eins og fram kemur í skólanámskrá hefur Dalvíkurskóli gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og er það mjög ánægjuleg þróun.

5 Stjórnun

5.1 Greiningargögn

- Foreldrakönnun
- Starfsmannakönnun
- Starfsþróunarsamtöl
- Matsfundur

5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á foreldraviðtalsdegi í febrúar 2013, var svörun virkilega góð eða **93%** foreldra svöruðu. Í ár var könnunin hinsvegar rafræn þar sem foreldrar fengu senda slóð í tölvupósti. Svörunin var mun minni en undanfarin ár eða rétt rúmlega 50% (Svör frá 130). Það er ekki ásættanleg niðurstaða og greinilegt að betri svörun fæst með því að tengja könnunina við foreldradag. Af þeim sem svöruðu voru 97% foreldra ánægð með skólann og er það svipað hlutfall og fyrra. Þeir foreldrar sem svöruðu upplifa að þeir séu velkomnir í skólann og sama átti við í fyrra og langflestum eða um 98% foreldra finnst starfsfólk taka tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram. Aftur á móti finnst einungis 91% foreldra sem svöruðu að þeir upplifi að almennt ríki trúnaður meðal starfsfólks varðandi málefni barna. Þennan þátt þarf að skoða vandlega og gera úrbætur. Um 60% foreldra sem svöruðu sögðust vera ánægð með matinn sem barið þeirra fær í mótuneytinu sem er jákvæð breyting frá fyrri árum þegar rúmlega helmingur foreldra var óánægður með matinn. Athygli

vekur að einungis 88% foreldra telja að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barnsins síns. Skoða þarf í ljósi þessarar niðurstöðu hvort foreldraviðtöl séu nógu markviss og huga að framsetningu á námsmati. Rúmlega þriðjungur foreldra sem svöruðu könnuninni telja sig ekki hafa áhrif á stefnu og starf skólans, í athugasemdum kom fram að sumir vissu ekki að þeir gætu haft áhrif og öðrum fannst lítið gert með þær athugasemdir sem þeir setja fram. Foreldrar eru flestir ánægðir með umsjónarkennara barnsins síns sem og aðra kennara skólans og er það ákaflega gleðilegt. Einstaka ábendingar koma frá foreldrum varðandi nafngreinda kennara og vinna stjórnendur úr þeim ábendingum. Það veur athygli að í foreldrakönnun virðist nokkur hluti foreldra telja að börn sín hafi orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Þó hefur tilkynningum foreldra til skólans um einelti ekki fjölgað. Nauðsynlegt er að vinna að því að foreldrar tilkynni skólanum strax er grunur leikur á um einelti því erfitt er annars fyrir skólann að bregðast við.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2014 í samstarfi við Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og var svarhlutfall þokkalegt hjá starfsfólki Dalvíkurskóla eða um 70%. Óskandi væri að þátttaka væri almennt meiri hjá starfsfólki og mætti ná því markmiði með því að verja bundnum fundartíma einn daginn í að starfsfólk setjist í tölvustofu eða á vinnusvæði og svari könnuninni. Þeir sem svöruðu voru hins vegar almennt stoltir af sinni stofnun og töldu að líðan væri góð í vinnunni. Nær allir telja gott að vinna með samstarfsfólki sínu. Þá kemur fram að starfsfólki finnst gott að leita til stjórnenda og að þeir sýni faglegu frumkvæði áhuga. Af þeim sem svöruðu könnuninni vilja flestir fá fræðslu um hvernig nýta má tölvur og nútímalegan hugbúnað í kennslu og næstflestir vilja fræðslu fjölmenningslega kennslu og samkennslu. Þá vill mikill meirihluti þeirra sem svöruðu að aukin áhersla verði lögð á upplýsinga- og tæknimennt í skólastarfinu. Þá er rúmlega þrjú af hverjum fjórum starfsmönnum sem telja innleiðingu á teymiskennslu og blandaðri umsjón rétt skref fyrir Dalvíkurskóla flestir kennarar sem sinna munu umsjón á næsta skólaári eru tilbúnir að vinna með aldursblandaða hópa. Starfsmenn hafa þó áhyggjur og telja mikilvægt að fara ekki of geyst af stað í innleiðingu á teymiskennslu og ígrunda vel þau skref sem tekin eru. Stjórnendur munu bregðast við þessu og nauðsynlegt er að vinna með viðhorf starfsmannahópsins til breytinganna.

Deildarstjóri eldra stigs var í fæðingarorlofi um tveggja mánaða skeið í ársbyrjun 2014 og var ákveðið að ráða ekki í afleysingar heldur deildu skólastjóri og deildarstjóri yngra stigs með sér verkefnum þess sem var í leyfi. Nokkur óánægja með þetta kom fram í starfsmannakönnun og var nefnt að þessi ákvörðun hefði aukið álag á stjórnendur sem og aðra starfsmenn.

Í starfsþróunarsamtölum hefur komið fram, eins og könnun segir til um, að starfsfólki líður vel. Einnig kemur fram að starfsandi hafi farið batnandi. Þættir sem komu ekki nægjanlega vel út í fyrra eins og að sumum fannst að stjórnendur klári ekki mál og hlusti ekki nógu vel komu mun betur út í ár. Almenn ánægja virðist ríkja með núverandi skólastjóra sem fram kemur bæði í starfsmannasamtölum og könnunum.

Á matsfundi kom fram að talsverður fjöldi starfsfólks upplifir bættan starfsanda á vinnustaðnum nú í vetur. Einnig nefndu margir að stjórnendur hlustuðu á starfsfólkið og

brygðust fljótt við athugasemdum þess. Af neikvæðum þáttum var það helst umgengni um skólahúsnæðið sem oft var nefnd, sem og öryggismál í tengslum við skólalóðina.

5.3 Leiðir til úrbóta

Óánægja með matinn í mötuneyti skólans hefur minnkað eilítið en enn koma athugasemdir varðandi matseðil, þá bæði að hann standist ekki og eins að of oft sé boðið uppá unnar matvörur. Því er mikilvægt að upplýsingaflæði frá Veisluþjónustunni verði betra þegar eitthvað breytist varðandi matseðil og að hollusta matarins sé samkvæmt þar til gerðum stöðlum. Ákveðið hefur verið að matseðill Veisluþjónustunnar verði samræmdur við matseðil Krílakots að nokkru leyti, þ.e. að kjöt og fiskur verði í boði á sömu dögum á báðum stöðum.

Fram kom í könnuninni að 9% foreldra upplifi ekki að almennt ríki trúnaður meðal starfsfólks varðandi málefni barna. Þetta þarf að bæta og fara sérstaklega yfir reglur varðandi trúnað strax að hausti og minna reglulega á trúnaðarskyldu starfsfólks yfir skólaárið.

Rúmlega þriðjungur foreldra sem svöruðu könnuninni telja sig ekki hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Kalla þarf eftir hugmyndum frá foreldrum t.d. á haustfundum um hvernig hægt er að auka þátt foreldra í ákvarðanatöku er varða mál skólans. Einnig verður málið rætt við fulltrúa foreldrafélags, sem og skólaráð, kallað eftir hugmyndum og leiðum að þessu markmiði.

Skólasamfélagið þarf að vera samstíga í að fylgja eftir umgengisreglum í skólanum. Umsjónarkennarar þurfa að rifja upp með nemendum umgengisreglur í upphafi hvernar annar og fá umræðu hjá nemendum um reglur og umgengni. Búið er að prenta og hengja skólareglur á þremur tungumálum upp í skólanum.

6 Starfsfólk og aðbúnaður

6.1 Greiningargögn

- Starfsmannakönnun
- Starfsþróunarsamtöl
- Matsfundur
- Starfsmannafundir

6.2 Ígrundun og greining

Í starfsmannakönnun kemur greinilega fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og starfsánægja hefur batnað. Starfsfólk á gott með að vinna með samstarfsfólki sínu og finnst jákvæðni ríkja meðal þess. Þó telja um 17% svarenda að álag í starfi sé of mikið og er rétt að bregðast við því eftir því sem hægt er.

kom ekki líka fram að á unglíngastigi fyndist nokkrum vinnsla agamála ekki alveg nógu góð?

Meirihluti starfsfólks telur sig ígrunda sitt starf aðallega í gegnum samræður við aðra. Það kemur fram vaxandi áhugi starfsmanna á tölvu- og upplýsingamennt í skólanum og skýrt að leggja þarf áherslu á enn meiri endurmenntun varðandi upplýsingatækni í skólastarfi.

Starfsfólk telur að upplýsingaflæði hafi batnað verulega í skólanum en þetta er þáttur sem verður alltaf að bæta. Á síðasta skólaári kom fram að starfsfólki í blönduðum störfum fannst upplýsingar ekki alltaf berast nægilega vel til sín og hefur verið gert átak í að bæta þetta.

Það komu ekki miklar athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum nema þá helst að kennarar eru ánægðir með að fá skjávarpa í kennslustofur. Það hafa ekki verið gerðar athugasemdir við vinnuaðstöðu nema þá helst loftræstingu á vinnusvæði, sem og vinnuaðstöðu íþróttakennara í íþróttamiðstöðinni. Að öðru leyti er vinnuaðstaða kennara góð í skólanum. Enn er kvartað yfir hávaða í matsal þótt það hafi lagast eftir að teppin voru sett á veggina í matsal skólans. Mestur er hávaðinn þegar yngstu börnin matast. Hugsanlega mætti draga úr hávaða með því að starfsfólk sæti til borðs með yngstu nemendum.

Unnið hefur verið áfram að því að bæta viðhorf starfsfólks og nemenda gagnvart nemendum af erlendum uppruna. Sérstakt námskeið fyrir starfsfólk var haldið um haust og þótti skila árangri.

6.3 Leiðir til úrbóta

Stefnt er að því að innleiða teymiskennslu og aukna blöndun árganga næsta skólaár. Hlaut skólinn sérstakan styrk til þessa verkefnis. Kennarar sem koma að kennslu 1.-2. bekkjar, 3. og 4. bekkjar, 5., 6. og 7. bekkjar og 8.,9. og 10. bekkjar vinna saman í teyllum. Hafist verður handa strax í vor að innleiða hugmyndir um teymiskennslu og verður því framhaldið í samvinnu við Háskólann á Akureyri næsta skólaár. Við gerð stundatöflu verður gert ráð fyrir samstarfstíma teyma og aldursblöndun nemenda. Meginmarkmið þessara breytinga er að greiða götu einstaklingsmiðaðs náms og efla félags- og samvinnufærni nemenda en um leið má gera ráð fyrir að jafnari dreifing umsjónarnemenda á kennara, sem og aukinn tími til samráðs og gagnkvæms stuðnings verði til þess að létta á vinnuálagi að einhverju leyti.

Skoða þarf loftræstingu á vinnusvæði yngra stigs og finna viðunandi úrbætur. Skoða þarf áfram hvernig hægt er að dempa hávaða í matsal skólans. Þá þarf að skoða hvernig má bæta hljóðvist í vissum kennslustofum.

7 Foreldrasamstarf

7.1 Greiningargögn

- Foreldraviðtöl að hausti með barni
- Haustfundir foreldra
- Foreldrakönnun lögð fyrir í febrúar 2013 í samráði við fræðslusvið
- Foreldraviðtöl í febrúar (eyðublöðum komið til stjórnenda eftir viðtölin)

7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Það kom greinilega fram í könnun að foreldrum finnst viðtöl við umsjónarkennara í byrjun skólaársins vera góð og vilja halda þeim áfram. Eftir þessa fundi hafa komið fram upplýsingar sem nýtist skólanum í áframhaldandi vinnu með nemandanum. Við tókum það upp aftur að vera með haustfundi með foreldrum þar sem að foreldrar mættu á sameiginlegan fund og ræddu skólamáli. Mikil ánægja var með þessa fundi og greinilega finnst foreldrum gott að hittast á sameiginlegum fundum til að ræða málin.

Í foreldrakönnun kemur það mjög skýrt fram að nemendum líður vel í skólanum og fá hvatningu til að standa sig vel í námi. Það kemur fram að foreldrar telja að skólinn veiti góðar upplýsingar varðandi stöðu nemenda í námi, þótt ekki mælist sú ánægja jafn hátt og á síðasta skólaári.

Stór hluti foreldra telur að skólinn taki tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram við starfsfólk skólans. En það eru ekki mjög margir foreldrar sem eru að heimsækja skólann þótt við höfum hamrað á því að skólinn sé opinn og við viljum fá foreldra meira inn. En þó kemur fram í könnunni að foreldrar telji að þeir taki virkan þátt í starfi skólans.

Varðandi upplýsingaflæði frá skólanum telja **82%** foreldra sem svöruðu það vera gott og er það aukning frá fyrra ári en þá töldu **76 %** það vera gott. Foreldrum finnst henta best að fá tölvupóst frá kennurum eða um **95 %** foreldra meðan einungis um **38%** finnst henta að fá símtöl. Kennarar þurfa að vera duglegri að senda heim jákvæðar fréttir en einungis **25%** foreldra sem svöruðu könnuðust við að fá jákvæða pósta um sitt barn. Það kom greinilega fram að minnihluti foreldra voru ánægðir með heimasíðu skólans eða um **30%** og enn færri segjast skoða heimasíðuna reglulega eða **25%** svarenda sem er ekki nógu gott.

7.3 Leiðir til úrbóta

Nauðsynlegt að finna leiðir til að fá foreldra meira inn í skólann. Í vetur voru buðu nokkrir bekkir foreldrum sínum á kynningar á ýmsum verkefnum og borðuðu jafnvel saman og er mæting foreldra mjög góð á slíka viðburði. Greinilega árangursrík leið til að ná meiri tengslum við foreldra. Haustfundir með foreldrum voru ágætlega sóttir, sem og kynningarfundur um I-paðkennslu fyrir foreldra 7. bekkjar.

Það kom mjög skýrt fram í könnun að foreldrar voru ekki ánægðir með heimasíðu skólans og það þarf að bæta. Fyrir næsta skólaár þarf að bæta vinnuferli varðandi heimasíðuna. Skipuleggja betur hver gerir hvað og er það á ábyrgð skólastjóra.

8 Raddir nemenda

8.1 Greiningargögn

- Nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 7.-10. bekk
- Fundir námsnefndar

8.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Það kom fram í nemendakönnun að langflestum nemendum líður vel í skólanum og þeir eru ánægðir með skólann. Þegar litið er til inntaks náms og kennslu kemur fram í könnun að flestir nemendur telja kennslu hæfilega fjölbreytta, að þeir geti stundað sitt nám á eigin forsendum og hafi eitthvað um námið að segja. Skiptar skoðanir eru um heimanám en margir nemendur vilja minnka það eða jafnvel leggja það alfarið niður, en það er í ósamræmi við núgildandi heimanámsstefnu skólans. Athygli vekur að 65% nemenda telja að samskipti í bekknum sínum hafi farið batnandi á þessu skólaári. Nýjungar í námsmati mælast vel fyrir hjá meirihluta nemenda og kemur það heim og saman við álit námsnefndar. Fleiri nýjungar mælast vel fyrir því almenn ánægja ríkir meðal nemenda með áhugasvið og hringekju, en í nemendakönnun gafst nemendum kostur á að setja fram óskir um hvaða námsgreinar eigi að vera í hringekju á næsta skólaári. Námsnefnd setti fram þá hugmynd að hægt yrði að kaupa morgunmat í skólanum og reyndist talsverður stuðningur við þá hugmynd meðal nemenda. Því hefur verið ákveðið að stefna að því að þetta verði að veruleika á næsta skólaári. Hugmyndir um sveigjanlega skólabyrjun í unglingsdeild voru einnig ræddar í námsnefnd, enda benda rannsóknir til að þannig megi bæta vinnuafköst og námsárangur unglinga, en því miður tókst ekki að gera þær hugmyndir að veruleika þar sem það hefði í för með sér stóruaflakostnað vegna skólaaksturs.

8.3 Leiðir til úrbóta

Námsnefnd kom ekki saman fyrr en í febrúar á þessu skólaári og tókst því ekki að leiða hana til áhrifa að nægjanlegu leyti. Nauðsynlegt er að námsnefnd sé sett á stofn strax í upphafi næsta skólaárs og að hlúð verði að störfum hennar. Skoða þarf betur hvort leiðir séu færar að því markmiði að bjóða upp á sveigjanlega skólabyrjun. Í nemendakönnun segjast um 11% nemenda ekki líða vel í skólanum og er það of hátt hlutfall sem nauðsynlegt er að bregðast við. Ljóst er að taka þarf heimanámsstefnu skólans til endurskoðunar og ekki ólíklegt að hyggilegt væri að námsnefnd kæmi að þeirri vinnu.

9 Áætlun um mat á skólastarfi 2013 – 2016

9.1 Sjálfsmatsáætlun

Sjá fylgiskjal 2.

10 Samantekt og mat á niðurstöðum

Dalvíkurskóli hefur verið að vinna markvisst í líðan nemenda nú undanfarin ár og hefur skólanum orðið vel ágengt í þeim málum þó alltaf megi gera betur. Við teljum að uppbyggingarstefnan hafa haft mikið að segja. Þá hófst ART þjálfun í þremur árgöngum skólans í fyrravetur en þar fá nemendur í 2. 6. og 9. bekk þjálfun í félasfærni, siðfræði og sjálfstjórn í 3 tíma á viku í 12 vikur undir leiðsögn ART þjálfara. Samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunar á síðasta skólaári mældist einelti aðeins 4,6% en var 12% árið 2007 þannig að við erum greinilega á réttri leið. Enn er beðið eftir niðurstöðum síðustu könnunar.

Þó að skólinn hafi komið þökkalega vel út úr könnunum eru alltaf hlutir sem þarf að laga. Skólinn þarf að auka metnað skólasamfélagsins í námi og við eigum ekki að sætta okkur við að vera undir meðallagi í samanburði við aðra skóla í landinu. Allir sem koma að skólastarfi þurfa að standa saman og finna leiðir til að bæta metnað í námi og kennslu.

Í Dalvíkurskóla virðist vera mikil starfsánægja meðal starfsfólks og að því líði vel hjá okkur. En nauðsynlegt að efla jákvæðan starfsanda innan skólastofnunarinnar. Aðbúnaður er nokkuð góður hjá starfsfólki þó það þurfi að skoða vissa þætti eins og loftræstingu. Vinnuaðstaða kennara er mjög góð. Á undanförunum árum hefur komið fram að kennurum finnst við vera að dragast aftur úr hvað varðar tækni – og hugbúnaðarmál í skólanum. Átak var gert í þessum málum á yfirstandandi skólaári en nauðsynlegt er að halda þeirri vinnu áfram. Skjávarpa vantar enn í nokkrar sérgreinakennslustofur.

Skólasamfélagið þarf allt að taka sig á með að vera samstíga í að fara eftir umgengisreglum í skólanum og taka þá umræðu reglulega inn í bekkjum með nemendum. Við erum á réttri leið og hefur Uppbyggingarstefnan verið að skila sér í betri umgengni og líðan nemenda.

Undanfarin ár hefur komið gagnrýni á stjórnendur að þeir klári ekki mál, þurfi að vera meira sýnilegir, veita kennurum betri stuðning í þeim erfiðu málum sem þeir þurfa að glíma við og upplýsa starfsfólk betur varðandi úrvinnslu mála. Fram kom í starfsmannasamtölum og á matsfundi að þessi mál hafa færst til betri vegar á skólaárinu.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel hjá okkur og eru foreldrar ánægðir með skólann samkvæmt könnun. En auðvitað eru hlutir sem við getum gert betur. Í könnuninni hefur komið fram að foreldrar eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans og það er eitt sem skólinn þarf að laga. Nauðsynlegt er að auka foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra í lið með okkur til að auka metnað í námi.

11 Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðafullt starf og nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum að stærstum hluta. Bætt líðan nemenda, trú þeirra á eigin getu og tilfinning fyrir því að þeir geti haft áhrif á skólastarfið eru allt leiðir sem fara má til að ná því markmiði að bæta námsárangur. Í skólanum er jákvæður skólabragur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Menntun nemenda er samstarfsverkefni þeirra sem hér starfa og er stefnt að því að hvers konar

samvinna verði vaxandi einkenni á skólastarfinu. Flestar mælingar sýna viðunandi niðurstöður, hvort sem um er að ræða tölulegan námsárangur nemenda eða ánægju foreldra með skólann og samstarfið. Þetta er ekki sjálfgefið og vert að hrósa því sem vel er gert en í eðli metnaðarfullt skólastarfs er að vilja sífellt gera betur.

Björn Gunnlaugsson

Skólastjóri Dalvíkurskóla